



Stjórnarfundur SKÍ

Miðvikudagur 21. janúar 2026 / kl. 15.30 / Rafrænn fundur

- Efni fundarins:** Stjórnarfundur SKÍ. Fundargerð #1683.
- Fundarstjóri:** Gísli Reynisson formaður.
- Fundarritari:** Hugrún Elvarsdóttir.
- Þátttakendur:** Gísli Reynisson formaður, Sigurður Sveinn Nikulásson formaður alpagreinaneftndar, Aðalsteinn Valdimarsson formaður snjóþrettaneftndar, Ólafur H. Björnsson formaður skíðagönguneftndar, Fjalar Úlfarsson varaformaður, Ásgerður Þorleifsdóttir gjaldkeri, Brynja Þorsteinsdóttir afreksstjóri og Sigurður Hauksson framkvæmdastjóri.
- Fjarverandi:** Veronika Lagun, formaður skíðaskotfimeftndar.

Fundur settur kl. 15.33.

Fundardagskrá:

1. Fréttir af öllum nefndum.
2. Staðfesta Ólympíuval.
3. Ólympíuleikar umræður
4. Eftirlitsmenn á Bikarmótum/námskeið.
5. Undirbúningur FIS móta.
6. Önnur mál.

Fundargerð:

1. Fréttir af öllum nefndum

AGN: Farið var yfir stöðu mála innan alpagreina og starfsemi nefndarinnar á undanförunum vikum.

SBN: Anna Kamilla hefur keppt á nokkrum heimsbikarmótum síðustu tvo mánuði og reynt að tryggja sér þátttökurétt á Ólympíuleikum. Það gekk því miður ekki að þessu sinni. Evrópubikarmót (EC) að hefjast og keppir hún í Madonna um næstu helgi áður en haldið verður áfram til Ítalíu. Mót verður haldið fyrir norðan um helgina þar sem keppt verður í öllum greinum SBN.

SGN: Æfingar hafa gengið vel. Dagur hefur verið í lengra æfingatímabili og æfir nú í hæð. Krístrún er við æfingar í Lillehammer. B-liðið hefur tekið þátt í mótum og landsliðsþjálfari lýsir ánægju með betra skipulag.

2. Staðfesta Ólympíuval.

AGN

Stjórn staðfestir val á **Jón Erik Sigurðssyni** (FRAM) til keppni í alpagreinum karla í Ólympíuleikunum 2026.



Þátttaka Hólmfríðar Dóru í alpagreinum á Ólympíuleikum 2026 var til umræðu. Stjórn fór yfir stöðu málsins með hliðsjón af fyrirliggjandi læknumsmati, stöðu endurhæfingar og mögulegri þátttöku í hraðagreinum. Fram kom að endurhæfing Hólmfríðar hefur gengið vel miðað við þann stutta tíma sem liðinn er frá slysinu, en á þessum tímapunkti eru liðnar um sjö vikur frá því að meiðslin urðu.

Í ljósi aðstæðna var ákveðið að veita iðkanda lengri tíma til að leggja fram viðeigandi gögn en almennt er gert samkvæmt valreglum SKÍ fyrir stórmót. Samkvæmt reglunum skal keppandi hafa staðist læknisskoðun óháðs aðila þegar val fer fram, en upphaflegur tímapunktur vals var 19. janúar 2026.

Stjórn fór yfir þær upplýsingar sem lágu fyrir á þessum tímapunkti og samþykkti að fresta frekari afgreiðslu málsins til að afla frekari gagna um meiðsli Hólmfríðar Dóru. Lagt var áherslu á mikilvægi þess að fyrir liggi fullnægjandi gögn frá lækni, sjúkraþjálfara, alpagreinaneftnd og öðrum viðeigandi aðilum svo stjórn geti tekið upplýsta ákvörðun. Framkvæmdastjóra var falið að boða til aukafundar stjórnar þegar frekari upplýsingar liggja fyrir.

SGN

Stjórn staðfestir val á bæði **Degi Benediktssyni** (Skíðafélag Ísafjarðar) til keppni í skíðagöngu karla og **Kristrúnu Guðnadóttur** (Skíðagöngufélagið Ullur) til keppni í skíðagöngu karla og kvenna á Ólympíuleikunum 2026.

3. Ólympíuleikar umræður

Farið var yfir skipulag og mönnun í tengslum við þátttöku Íslands á Ólympíuleikum, þar á meðal:

- Möguleika á að þjálfarar fylgi keppendum.
- Hlutverk landsliðsþjálfara og hlutfall kvk og kk.
- Mögulega þátttöku afreksstjóra og framkvæmdastjóra.
- Framkvæmdastjóra falið að skoða aðgangsmál og dagspassa í tengslum við mótið og kanna möguleika á þátttöku Brynju Þorsteinsdóttur, afreksstjóra SKÍ.

4. Eftirlitsmenn á Bikarmótum/námskeið

Rætt var um mikilvægi þess að hafa eftirlitsmenn á Bikarmótum í yngri aldursflokkum (12–15 ára). Lögð var áhersla á að halda viðeigandi námskeið fyrir eftirlitsmenn og tryggja eftirfylgni við framkvæmd.



5. Undirbúningur FIS móta

Farið var yfir skipulag og undirbúning FIS-móta. Rætt var um að skýra viðmið um hvenær mót skuli staðfest eða gefin frá sér ef ekki tekst að halda þau. Áhersla var lögð á að lykilstöður og skipulag móta liggi fyrir með góðum fyrirvara.

6. Önnur mál

Samskipti og umræða á samfélagsmiðlum

Rætt var um mikilvægi vandaðrar umræðu á samfélagsmiðlum sérstaklega með tilliti til samstarfs við ÍSÍ og Ólympíuleikanna sem fram undan eru. Huga þarf vel að því hvaða efni er sett inn hvenær og með hvaða hætti. Jafnræði þarf að gilda á milli keppanda o.s.frv.

Fjárhagsleg staða

Bent var á að ÍSÍ er einn helsti samstarfsaðili SKÍ og mikilvægt sé að viðhalda góðu samstarfi. Rætt var um að fjárveitingar geti minnkað á næstu árum og mikilvægt sé að bregðast við því með ábyrgum hætti.

Punktakerfi

Farið var yfir punktamál og vildarpunkta. Staðfest var að óbreytt fyrirkomulag gildir samkvæmt fyrra samkomulagi.

Fundi slitið kl. 17.00.

Hugrún Elvarsdóttir ritaði fundargerð.